# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 14

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

20.0
1910. Bojet

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

9. júli 1910

103

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að bæjarstjórnin hefur samþykkt byggingarnefndargjörðirnar 2.þ.m. óbreyttar að öllu öðru leyti en því, að leyfið til handa Jóni kaupmanni Björnssyni að byggja skúr norðan við hús hans i Vesturgötu var veitt með þvi skilyrði, að það ekki komi i bága við fyrirhugaða götu þar, og eruð þjer aðvaraður um að athuga vandlega hvort svo sje.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10.júni 1910

904

Bæjarstjórnin hafði meðal annars sett það sem skilyrði fyrir leyfi til handa Guðmundi Hannessyni að byggja ibúðarhús á horninu á Hverfisgötu og fyrirhugaðri framlengingu Ingólfsstrætis,að landsstjórnin heiti aðstoð sinni til,að bærinn fái ókeypis lóð á sinum tima undir framlengingu Ingólfsstrætis,milli Bankastrætis og Hverfisgötu,að svo miklu leyti land það telzt eign landssjóðs.Stjórnarráðið hefur samþykkt,að fullnægja skilyrði þessu með þvi að heita aðstoð sinni til þessa.-Þetta tilkynnist yður hjer með, herra bæjarverkfræðingur,og er (það) þvi ekkert þvi til fyrirstöðu,að hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson fái að byggja ibúðarhúsið,ef hann fullnægir skilyrðum þeim,sem byggingarnefndin setti 10.f.m.,og yður eru kunn.Þó skal þess getið,að bæjarstjórnin felldi burtu siðasta atriðið i 5.lið skilyrðanna,sem sje það,að karmar og grindur glugganna tveggja i bogadregna horninu verði bogadregnar eptir boganum á horninu sjálfu.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ib. 0
___
1911

Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afgreitt af Sig Thr

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.febr.1911 832

Hjer með tilkynist yður, herra bæjarverkfræðingur, að í bæjarsjóðinn hefur verið borgað 20% af andvirði lóðar, sem Jón Jakobsson, landsbókasafnsvörður hefur selt við Þingholtsstræti þar sem byggja á nr.33 við þá götu, sbr. fundargjörð byggingarnefndarinnar 11.þ.m., 1.lið. Þess skal getið, að afsalið fyrir lóðinni hefur verið gefið Pjetri Ingimundarsyni, snikkara, en Sigurður Jónsson, steinsmiður, Grettisg, 54 er sá, sem sótt hefur um leyfi til að byggja á lóðinni.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

17.febr.1911 832

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að í bæjarsjóðinn hefur verið borgað 20% af andvirði lóðar, sem Jón Jakobsson, landsbókasafnsvörður hefur selt við Þingholts-stræti þar sem byggja á nr.33 við þá götu, skr.fundargjörð byggingarnefndarinnar 11.þ.m.,1.lið. Þess skal getið, að afsalið fyrir lóðinni hefur verið gefið Pjetri Ingimundarsyni, snikkara, en Sigurður Jónsson, steinsmiður, Grettisg.54 er sá, sem sótt hefur um leyfi til að byggja á lóðinni.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.0
1912

Brjef.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. nóv. 1912.

123

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að bæjarstjórnin hefur gefið eptir eða samþykkt að niður megi falla gjald fyrir byggingarleyfi það, er Árna Gislasyni, Grundarstig 5 A var veitt 11. april þ.á., en hann hefur tilkynnt byggingarnefnd, að hann ekki ætli að nota byggingarleyfi þetta.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.0
———
1913

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

5. sept. 1913.

439

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur hjer með eptirrit af byggingarnefndargjörðum 30.f.m. ,er samþykktar voru á bæjarstjórnarfundi í gær, og vil jeg sjerstaklega leiða athygli yðar að 5. og 6. lið þeirra og leggja fyrir yður, að sjá um að þeim verði fullnægt.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17. okt. 1913.

976

Jafnframt þvi að senda yður, herra bæjarverkfræðingur, eptirrit af byggingarnefndarfundi 11.þ.m. vek jeg sjerstaklega athygli yðar að því að bæjarstjórnin synjaði Timbur- og Kolaverzluninni "Reykjavik" um leyfi til þess að byggja hesthús og heyhús við Kalkofnsveg. Teikningarnar af húsi þessu endursendi jeg hjer með.-

Að öðru leyti var byggingarnefndargjörðin samþykkt.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26.0
1914

Brief

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1. mai 1914.

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með brjef hjeraðslæknisins og heilbrigðisfulltrúans dags. 27.f.m., viðvikjandi óþverra kringum húsið Nr. 2 við Óðinsgötu. Bið jeg yður að athuga þetta þetta og láta gjöra ræsi frá húsinu, svo að heilbrigðisnefnd megi við una.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.0
1915

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reykjavík

| 1905 | | 1907 | | 1909 | | 1911 | | 1913 | | 1915 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| íbúðarh. | íbúðarh. | íbúðarh. | íbúatala | íbúðarh. | íbúatala | íbúðarh. | íbúatala | íbúðarh. | íbúatala | íbúðarh. | íbúatala |
| 899 | 8935 | 1035 | 10374 | 1104 | 11246 | 1134 | 12157 | 1189 | 13514 | 1221 | 14224 |

## Fjölgun íbúðarhúsa og íbúa frá 1905—1915.

| | | íbúðarhús | íbúar |
|---|---|---|---|
| | 1905–'07 | 136 | 1439 |
| | 1907–'09 | 69 | 872 |
| | 1909–'11 | 30 | 911 |
| | 1911–'13 | 55 | 1357 |
| | 1913–'15 | 32 | 710 |
| Samtals. | 1905–1915 | 322 | 5289 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.0
1919

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 31. janúar 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig: S/9

Með því að Frantz Hakonsson hefir fengið leyfi til að leggja rafleiðslur um Iðnaðarmannahúsið (Vonarstr.3) og raflýsa það, er yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með falið eftirlit með því, hvernig leiðslunum skuli hagað og lampar settir, og mun nauðsynlegt að krefjast þess, að fyrirfram sje lagður fram uppdráttur af fyrirkomulaginu, svo að yður gefist færi á að fá því breytt, ef yður kynni að virðast þess þörf.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn í
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 24. febr. 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig: S/9

A. Dahlstedt hefir fengið leyfi til að leggja rafmagnsleiðslu frá Laugavegi 31 að húsinu nr. 20 B við sömu götu og að raflýsa það.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra bæjarverkfræðingur.

[signature]

[signature]

Bæjarverkfræðingurinn .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 20. maí 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig: S/9

Hjer með tilkynnist yður, herra verkfræðingur, að þessar rafmagnsleiðslur hafa verið leyfðar:

a.) Guðmundi Jakobssyni frá Laugav. 31 að Hverfisg. 32.
b.) Marteini Einarssyni & Co - " - Laugav. 29 .
c.) H.S.Hanson frá - " - - 15 .
d.) M.J.Magnús - - " - Hverfisg. 30.
e.) H.Þorsteinssyni - - " - Skólav.st. 4 A .
f.) Þorsteini Jónssyni - Vesturg. 33 að Nýlendug. 11.
g.) Sama manni leyft að setja rafmagnsmótor í vinnustofu sína Vesturg. 33 og leggja leiðslur um það hús.

Öll eru leyfin því skilyrði bundin, að "leiðslurnar og raflýsingartækin má ekki nota fyr en bæjarverkfræðingur hefir skoðað þær og gefið notkunarleyfi." Bið jeg yður því að yfirlíta leiðslur þessar og tæki, áður en tekin eru til notkunar, og fullvissa yður um, að umbúnaðurinn sje tryggilegur.

K. Zimsen

Herra verkfr. Sig. Thoroddsen ,

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. júní 1919.

S/9

Bæjarverkfr. til athugunar.

Samkv. beiðni yðar er yður hjer með leyft að leggja rafmagnsleiðslu frá prentsmiðjunni "Gutenberg" að húsinu nr. 5 við Skólastræti og að raflýsa nefnt hús. Leyfi þetta er bundið þeim skilyrðum að bæjarverkfræðingurinn sambykki hvar leiðslurnar liggi, að verkið sje unnið af manni er borgarstjóri tekur gildan til þess og að gætt sje samskonar reglna við lagninguna og ákveðnar eru í Danmörku (Elektricitetskommissionens Forskrifter for Udförelse og Drift af elektriske Stærkströmsanlæg). Sjerstaklega skal þess gætt að leiðslurnar geti ekki valdið truflun á talsímum, ritsímum og brunasímum. Staura undir leiðsluna má ekki setja á eða við götu. Leiðslurnar og raflýsingartækin má eigi nota fyr en bæjarverkfræðingur hefir skoðað þær og gefið notkunarleyfi.

Leyfi þetta gildir eigi lengur en þangað til rafmagnsstöð verður starfrækt fyrir bæinn.

Í sambandi hjer við vil jeg benda yður á ákvæði 11. gr. laga um talsíma, ritsíma o.fl. 20. okt. 1905.

Herra byggingameistari Einar Erlendsson,

Skólastræti 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 11. júní 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig:
S/9

Hjer með tilkynnist yður, herra verkfræðingur, að Gunnar Gunnarsson, Hverfisg. 16, hefir fengið leyfi til með venjulegum skilmálum að leggja rafmagnsleiðslu frá Laugaveg 31 að Skólavörðust. 3 og að setja þar upp raflýsingartæki.

K. Zimsen.

B æ j a r v e r k f r æ ð i n g u r i n n .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 16. júní 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig:

S/9

Hjer með tilkynnist yður, herra verkfræðingur, að Sigurjón Sigurðsson trjesmiður hefir fengið leyfi til að setja upp rafmagnsmótor í húsi sínu nr. 8 við Vonarstr. og leggja um það rafmagnsleiðslur, sem ekki má nota fyr en bæjarverkfræðingur hefir skoðað þær og gefið notkunarleyfi.

K. Zimsen.

Bæjarverkfræðingurinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur